

Febrúar 2024



# Ársskýrsla 2023

## Flóttamannanefnd

Útgefandi:

Flóttamannanefnd

Febrúar 2024

frn@frn.is

<https://www.stjornarradid.is/raduneyti/felags-og-vinumarkadsraduneytid/>

Umbrot og textavinnsla:

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

©2024 Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

ISBN 978-9935-513-26-7

# Efnisyfirlit

1. Skipan nefndarinnar.....	4
2. Fundir nefndarinnar.....	5
3. Minnisblöð.....	6
4. Önnur verkefni.....	7
Fylgiskjöl.....	8-13

# 1. Skipan nefndarinnar

Flóttamannanefnd starfar á grundvelli 9. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, en í ákvæðinu er kveðið á um að hlutverk flóttamannanefndar sé meðal annars að leggja til við ríkisstjórn heildarstefnu og skipulag hvað varðar móttöku flóttamannahópa skv. 43. gr. laganna, hafa yfirumsjón með móttöku hópa flóttafólks og veita stjórnvöldum umsögn um einstök tilvik eftir því sem óskað er. Þá segir að flóttamannanefnd starfi í samvinnu og samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Loks er kveðið á um að flóttamannanefnd skuli árlega gera ríkisstjórninni grein fyrir störfum sínum.

Þann 3. október 2022 skipaði félags- og vinnumarkaðsráðherra nýja flóttamannanefnd til fimm ára eða til 30. september 2027. Hér skal því gerð grein fyrir störfum nefndarinnar frá skipun þann 3. október 2022 og til ársloka 2023.

Flóttamannanefnd er skipuð eftirfarandi fulltrúum: Gerður Gestsdóttir, án tilnefningar, formaður, Gunnlaugur Geirsson, tilnefndur af dómsmálaráðherra og Anna Hjartardóttir, tilnefnd af utanríkisráðherra. Þeirra varamenn eru: Árni Matthíasson, án tilnefningar, varaformaður, Ólöf María Vigfúsdóttir, tilnefnd af dómsmálaráðherra og Katrín Einarsdóttir, tilnefnd af utanríkisráðherra. Áheyrnarfulltrúar nefndarinnar eru: Nína Helgadóttir, tilnefnd af Rauða krossinum á Íslandi, Þórður Kristjánsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Þórarinn Bjarnfinnur Snorrason, tilnefndur af Útlendingastofnun. Þeirra varamenn eru: Atli Viðar Thorstensen, tilnefndur af Rauða krossinum á Íslandi, María Ingibjörg Kristjánsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Íris Kristinsdóttir, tilnefnd af Útlendingastofnun. Starfsmaður Flóttamannanefndar er Ásta Margrét Sigurðardóttir.

Gunnlaugur Geirsson var í leyfi frá 23. mars 2023 til 16. ágúst og tók varamaður sæti hans. Þann 5. apríl 2023 lét Þórarinn Bjarnfinnur Snorrason af störfum hjá Útlendingastofnun og tók varamaður sæti hans.

## 2. Fundir nefndarinnar

Flóttamannanefnd hélt tólf fundi frá nóvember 2022 til desember 2023. Framan af fór nokkur vinna nefndarinnar í að ná utan um störf fyrri flóttamannanefndar og hvað hafði áður verið samþykkt og lagt til við ríkisstjórn Íslands um móttöku flóttamannahópa skv. 43. gr. laga um útlendinga. Við þá vinnu kom í ljós að tillaga um móttöku flóttamannahópa hafði síðast verið lögð fram í ríkisstjórn þann 8. nóvember 2019 um móttöku 85 flóttamanna í boði íslenskra stjórnvalda fyrir árið 2020. Með komu 19 einstaklinga frá Kenía á árinu 2023 var ári 2020 um móttöku flóttamannahópa lokið en í heildina komu 86 einstaklingar til landsins í boði íslenskra stjórnvalda sem kvóti fyrir 2020.

Þá kom í ljós að tilkynnt hafði verið á opinberum vettvangi að Ísland hygðist taka á móti tilteknum fjölda flóttamanna árið 2021 en af þeim gögnum sem flóttamannanefnd hefur undir höndum má ráða að þau áform voru ekki lögð fram í ríkisstjórn og var því nokkur óvissa uppi um skuldbindingar Íslands fyrir árið 2021. Þá hafði ekkert verið undirbúið eða samþykkt um móttöku flóttamannahópa fyrir árið 2022 af fráfarandi nefnd þegar hún lét af störfum í árslok og fyrir nýrri nefnd lá að leggja til við ríkisstjórn Íslands um móttöku flóttamannahópa fyrir árið 2023. Í ljósi þess að nefndinni þótti óljóst hvaða ákvarðanir hefðu verið teknar í tíð fyrri flóttamannanefndar um móttöku flóttamannahópa fyrir árin 2021 og 2022 var það mat nefndarinnar að leysa þyrfti úr málinu á vettvangi stjórnmalanna.

### 3. Minnisblöð

Þann 20. febrúar 2023 lagði nefndin fram minnisblað, sbr. fylgiskjal 1, til félags- og vinnumarkaðsráðherra þar sem óskað var eftir að tekin yrði afstaða til fjögurra spurninga, sem nefndin gæti þá haft að leiðarljósi við störf sín. Spurningarnar voru eftirfarandi:

1. Hvort eigi að standa við yfirlýsingar um móttöku á kvótaflóttafólki fyrir árið 2021?
2. Hvort telja eigi hóp Afgana sem koma á grundvelli sértækrar ákvörðunar ríkisstjórnar frá 14. janúar sl. sem kvótaflóttafólk fyrir árið 2022?
3. Hvort eigi að fjölga kvótaflóttafólki fyrir árið 2022?
4. Hver fjöldi kvótaflóttafólks eigi að vera fyrir árið 2023?

Þann 31. maí 2023 lagði nefndin fram minnisblað, sbr. fylgiskjal 2, að beiðni félags- og vinnumarkaðsráðherra, til félags- og vinnumarkaðsráðherra þar sem flóttamannanefnd dró saman megin áherslur Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) um helstu hópa flóttafólks sem þörf hefði fyrir endurbúsetu í þriðja ríki að mati stofnunarinnar fyrir árið 2023.

Félags- og vinnumarkaðsráðherra lagði fram minnisblað í ráðherranefnd um málefni innflytjenda og flóttafólks þann 6. júní 2023 þar sem minnisblað flóttamannanefndar frá 20. febrúar 2023 var fylgiskjal. Niðurstaða ráðherranefndarinnar var sú að bíða skyldi með að taka afstöðu til minnisblaðs félags- og vinnumarkaðsráðherra meðan gerð yrði úttekt á húsnæðismálum og þar til kærunefnd útlendingamála væri búin að taka afstöðu til fordæmisgefandi máls er þá lá fyrir nefndinni og varðaði umsækjendur um alþjóðlega vernd frá Venesúela. Skilaði kærunefndin álitinu sínu í lok ágúst. Ítrekaði formaður flóttamannanefndar óskir um svör við minnisblaði flóttamannanefndar frá 20. febrúar 2023 við félags- og vinnumarkaðsráðherra í byrjun nóvember 2023 en svör hafa enn ekki borist. Nefndin hefur því enn hvorki lagt til við ríkisstjórn Íslands móttöku flóttamannahópa fyrir árið 2023 né árið 2024.

## 4. Önnur verkefni

Þá hefur flóttamannanefnd komið að ýmsum öðrum verkefnum á liðnu ári er tengjast móttöku flóttafólks. Unnið var að móttöku hóps frá Afganistan til landsins, sem ríkisstjórnin ákvað í janúar 2022 að taka á móti. Hafði hópurinn verið fastur í Afganistan og m.a. skortur á ferðaskilríkjum valdið því að vandkvæðum var bundið fyrir Alþjóðlegu fólksflutningsstofnunina (IOM) að aðstoða hann til landsins. Þá var á árinu 2022 stofnað til samstarfs á grundvelli samráðsvettvangs Evrópusambandsins vegna fjöldaflotta frá Úkraínu (e. *Solidarity Platform*) um móttöku einstaklinga í sérlega viðkvæmri stöðu frá Úkraínu sem voru í mikilli þörf fyrir nauðsynlega þjónustu eða lækniástoð. Í október 2022 barst íslenskum stjórnvöldum formlegt erindi frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna í Moldóvu um að taka á móti einni fjölskyldu. Kom fjölskyldan hingað til lands í janúar 2023 frá Moldóvu með vísan til 44. gr. laga um útlendinga um sameiginlega vernd vegna fjöldaflotta.

Að lokum lagði nefndin til verklag og áherslur varðandi móttöku á allt að 20 umsækjendum um alþjóðlega vernd frá Grikklandi, Ítalíu, Kýpur, Möltu eða Spáni á grundvelli verkefnis sem snýr að samábyrgðarkerfis aðildarríkja ESB og samstarfsríkja Schengen um *Voluntary Relocation*. Dómsmálaráðuneytið er aðili að verkefninu sem óskaði eftir ástoð nefndarinnar við framkvæmdina. Hugsanlegt er að fólk sem kemur í gegnum umrætt verkefni geti flokkast sem flóttafólk í boði íslenskra stjórnvalda og fallið undir aðrar leiðir til móttöku.

### Fylgiskjöl:

1. Minnisblað frá flóttamannanefnd til félags- og vinnumarkaðsráðherra, dags. 20. febrúar 2023, um komu hópa flóttafólks í boði stjórnvalda.
2. Minnisblað frá flóttamannanefnd til félags- og vinnumarkaðsráðherra, dags. 31. maí 2023, um móttöku flóttafólks 2023.

# Fylgiskjal 1.

## *Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið* *M i n n i s b l a ð*

Viðtakandi: **Félags- og vinnumarkaðsráðherra, utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra**  
 Sendandi: **Flóttamannanefnd**  
 Dagsetning: **20.02.2023**  
 Málsnúmer: **FRN22040072**  
 Bréfalykill: **03.03.04**

Efni: **Koma hópa flóttafólks í boði stjórnvalda**

Í minnisblaði þessu er ætlunin að taka saman upplýsingar um komu hópa flóttafólks í boði stjórnvalda (kvótaflóttafólk) í samræmi við 43. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016. Fyrst verður stöðunni í móttöku kvótaflóttafólks frá árinu 2020 lýst. Svo verður farið yfir þær sértæku aðgerðir sem stjórnvöld hafa ráðist í sl. ár á grundvelli ákvarðana ríkisstjórnarinnar vegna ástandsins í Afganistan og Úkraínu. Því næst er horft fram á veginn, m.a. hvað varðar þróun fjölda flóttafólks í heiminum og kostnað við móttöku. Að lokum leggur flóttamannanefnd til þess að óskað verði eftir afstöðu ríkisstjórnarinnar til tiltekinna álitafna.

### *Inngangur*

Ólíkt þeim einstaklingum sem koma hingað til lands og sækja um alþjóðlega vernd hefur kvótaflóttafólk þegar fengið viðurkennda stöðu sem flóttamenn af Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR). Umræddir einstaklingar eru yfirleitt í flóttamannabúðum stofnunarinnar og geta ekki nýtt sér vernd í því landi sem þeir eru staddir í. Það er því mat stofnunarinnar að nauðsynlegt sé að flytja þá til þriðja lands (e. resettlement). Þegar svo er biðla Sameinuðu þjóðirnar til aðildarríkja flóttamannasamningsins um að taka við þessum einstaklingum. Í dag eru 25 ríki með formlegt samstarf við UNHCR um móttöku kvótaflóttafólks, þ. á m. Ísland.

Tillögur um komu kvótaflóttafólks eru unnar í flóttamannanefnd. Samkvæmt 9. gr. laga um útlendinga er hlutverk nefndarinnar m.a. að leggja til við ríkisstjórn heildarstefnu og skipulag hvað varðar móttöku flóttamannahópa skv. 43. gr. laganna, hafa yfirumsjón með móttöku hópa flóttafólks og veita stjórnvöldum umsögn um einstök tilvik eftir því sem óskað er. Þá er einnig kveðið á um að nefndinni beri að starfa í samvinnu og samráði við UNHCR. Hinn 3. október 2022 skipaði félags- og vinnumarkaðsráðherra nýja flóttamannanefnd til fimm ára en hún er skipuð fulltrúum sem tilnefndir eru af félags- og vinnumarkaðsráðherra, dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra.

### *Móttaka kvótaflóttafólks*

Frá árinu 2015 hafa íslensk stjórnvöld eftt móttöku kvótaflóttafólks markvisst en frá þeim tíma hafa 314 einstaklingar komið til landsins á þeim grundvelli.

Ár	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Tillögur um fjölda	55	47	50	50	75	85	[100]	[35-40]
Fjöldi til landsins	18	56	47	52	74	67	0	0

**Tafla 1.** Tillögur flóttamannanefndar frá árinu 2015 um komu kvótaflóttafólks og fjöldinn sem kom til landsins sama ár.

Ekki var gerð formleg tillaga til ríkisstjórnar af hálfu flóttamannanefndar að móttöku kvótaflóttafólks fyrir árin 2021 og 2022. Þó hefur komið fram á opinberum vettvangi að íslensk stjórnvöld hafi áætlað að taka á móti 100 manns á árinu 2021. Þessu áheiti var miðlað formlega til UNHCR, er birt á vefsetri stofnunarinnar og hefur verið ítrekað við



stjórnendur hennar. Einnig er vísað til þess sem viðmiðs í fjármálaáætlun 2021-2025 (bls. 393).

Unnið er að komu um 20 manns frá flóttamannabúðum í Kenía sem tilheyra kvóta sem samþykktur var árið 2020. Þá er fyrirhugað að 35-40 manna hópur komi frá Afganistan á næstunni en þann hópur má rekja til þeirra sértæku aðgerða sem ríkisstjórnin samþykkti 14. janúar 2022. Í minnisblaði til ríkisstjórnar um aðgerðina kom fram að hægt væri að telja hópinn sem hluta af móttöku kvótaflóttafólks fyrir árið 2022.

*Sértækar aðgerðir ríkisstjórnarinnar*

Á fundi sínum 24. ágúst 2021 samþykkti ríkisstjórnin að aðstoða og taka á móti tilgreindum hópum Afgana með tengsl við Ísland vegna valdatöku talibana í Afganistan. Áhersla var lögð á þá sem unnu með eða fyrir Atlantshafsbandalagið, fyrrverandi nemendur alþjóðlega jafnréttisskólans á Íslandi og einstaklinga sem áttu rétt á fjölskyldusameiningu eða voru þegar komnir með samþykka umsókn um dvalarleyfi. Þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar gengu eftir og komu 78 einstaklingar til landsins á þessum grundvelli.

Eins og áður sagði samþykkti ríkisstjórnin á fundi sínum 14. janúar 2022 að taka á móti viðbótarhópi frá Afganistan þar sem horft yrði sérstaklega til einstæðra kvenna í viðkvæmri stöðu sem hefðu nán tengsl við Ísland og barna þeirra. Þessi aðgerð hefur tafist vegna stöðunnar í Afganistan og vandræða þar í landi við útgáfu vegabréfa. Málin eru því enn í vinnslu en reiknað er með að heildarfjöldinn muni nema um 35-40 manns.

Á fundi sínum 22. apríl 2022 samþykkti ríkisstjórnin að taka á móti tilgreindum viðkvæmum hópum frá Úkraínu vegna innrásar Rússlands. Áhersla var lögð á að létta á byrðum nágrennaríkja Úkraínu, s.s. Moldóvu og Póllandi, og taka á móti sjúkum og særðum og nánum fjölskyldumeðlimum þeirra. Gert var ráð fyrir að tekið yrði á móti um 120-140 manns en vegna ýmissa ástæðna og hindrana innan hins sérstaka samráðsvettvangs Evrópusambandsins vegna fjöldaflotta frá Úkraínu (e. Solidarity Platform) hefur enginn komið á þessum grundvelli. Fyrirhugað er þó að þriggja manna fjölskylda komi hingað til lands í þessum mánuði, sem fellur undir þennan hóp.

*Umsækjendur um alþjóðlega vernd*

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að áfram verði aukið við móttöku kvótaflóttafólks með áherslu á einstaklinga og fjölskyldur í viðkvæmri stöðu. Hafa verður í huga að sáttmálinn var gerður áður en innrás Rússa í Úkraínu hófst með tilheyrandi afleiðingum. Í mars sl. ákvað dómsmálaráðherra, að undangengnu samráði innanlands sem utan, að virkja 44. gr. laga um útlendinga um sameiginlega vernd vegna fjöldaflotta. Var það fyrst og fremst gert til að geta veitt þeim sem flýja Úkraínu skjóta og skilvirka aðstoð, nánar tiltekið tímabundna vernd, án þess að móttakan og aðstoðin yrði verndarkerfi Íslands ofvíða. Auk þessa var á árinu 2022 veruleg aukning í komu umsækjenda um alþjóðlega vernd frá Venesúela en vegna stöðunnar þar í landi hljóta flestir þeirra viðbótarvernd.

Á árinu 2022 sóttu 4.518 einstaklingar um alþjóðlega vernd hér á landi. Þó að þennan fjölda megi að miklu leyti rekja til átakanna í Úkraínu (2.345 umsóknir) er fjöldi annarra umsókna með því hæsta sem sést hefur, eða 2.173 umsóknir á þessu ári, þar af 1.199 frá ríkisborgurum Venesúela. Árið 2022 var því metár óháð fjöldaflóttanum frá Úkraínu en til samanburðar bárust 1.135 umsóknir árið 2016. Samhliða þeirri miklu fjölgun einstaklinga sem sóttu um alþjóðlega vernd hér á landi á árinu 2022 hefur þeim sem hlotið hafa vernd einnig fjölgað töluvert. Þannig hlutu 3.455 einstaklingar vernd hér á landi á árinu 2022 en það er um fimm sinnum fleiri en síðustu þrjú ár á undan.

Ár	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Fjöldi	106	183	226	288	532	631	577	3.455

**Tafla 2.** Heildarfjöldi þeirra sem hafa fengið vernd á Íslandi frá árinu 2015 til 31. desember 2022.

*Horft fram á veginn*

Umfang við móttöku flóttafólks hefur margfaldast á þessu ári með tilheyrandi kostnaði og álagi á verndar- og móttökukerfin. Þrátt fyrir þessar áskoranir áréttar flóttamannanefnd

mikilvægi þess að slíkt bitni ekki á einum hópi umfram annan og að öðrum hvorum hópnum, umsækjendum um alþjóðlega vernd eða kvótaflóttafólki, sé ekki mismunað hvað varðar áherslur stjórnvalda.

Á þeim sjö áratugum sem UNHCR hefur starfað hefur fólki á flótta í heiminum fjölgað og í lok árs 2021 voru 21,3 milljónir einstaklinga skilgreindir sem flóttafólk sem UNHCR ber lagaleg skylda til að annast. Þær varanlegu lausnir sem standa til boða eru langt undir þeirri þörf sem er til staðar í heiminum. Þar af leiðandi hefur þörf fyrir nýja búsetu (e. resettlement) aukist verulega fyrir árið 2023 miðað við fyrri ár. Stuðningur alþjóðasamfélagsins við að finna varanlegar lausnir fyrir kvótaflóttafólk og þau ríki sem bera þyngstu byrðarnar er því mikilvægari en nokkru sinni fyrr. Boð stjórnvalda á kvótaplássnum er ein af örfáum öruggum leiðum fyrir flóttafólk til að öðlast búsetu í öruggu þriðja landi og mikilvægt að halda því starfi áfram.

Þá ber að upplýsa að í desember á þessu ári fer fram næsti leiðtogafundur UNHCR (e. Global Refugee Forum) í Genf. Leiðtogafundurinn er haldinn á fjögurra ára fresti og er honum ætlað að fylgja eftir alþjóðlegri samþykkt um málefni flóttamanna (e. Global Compact on Refugees). Munu helstu gjafalönd nota hann til þess að tilkynna um áheiti og skuldbindingar fyrir 2024 og næstu ár.

Í áratugi hafa Norðurlöndin verið öflugir samstarfsaðilar UNHCR og tekið á móti kvótaflóttafólki í þörf fyrir nýja búsetu (e. resettlement). Svíþjóð hefur verið í slíku samstarfi síðan 1950, Danmörk síðan 1979, Noregur síðan 1980, Finnland síðan 1985 og Ísland síðan 1995. Norðmenn hafa ákveðið að lækka kvóta sinn um þriðjung fyrir þetta ár, eða úr 3.000 manns í 2.000 manns, og Svíar úr 5.000 manns í 900. Finnland hækkaði kvótann úr 1050 í 1500 manns á árinu 2022, og var það gert sérstaklega vegna ástandsins í Afganistan. Á þessu ári er áætlað að kvótinn fari aftur í 1050.

Áætlaður kostnaður vegna móttöku kvótaflóttafólks til landsins á hvern einstakling er um 5 m.kr. Í þeirri fjárhæð er tekið mið af kostnaði við Alþjóðlegu fólksflutningastofnunina (IOM) vegna flutnings og undirbúnings, kostnaði vegna samræmdrar móttöku flóttafólks í sveitarfélagi, kostnaði vegna samnings við Rauða kross Íslands og útgjalda vegna 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, vegna veittrar aðstoðar. Vakin er athygli á að kostnaður vegna móttöku kvótaflóttafólks vegna árána 2021, 2022 og 2023 er ófjármagnaður.

Móttaka kvótaflóttafólks heyrir undir málaflokk 29.70, *Málefni innflytjenda og flóttamanna*, og fara greiðslur af fjárlagaliðnum *Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna* 07-999-149. Óhafin fjárheimild liðarins, m.a. vegna móttöku kvótaflóttamanna árið 2021, féll niður við lokafjárlög þess árs. Fjárheimild yfirstandandi árs er uppurin vegna margháttads kostnaðar sem kemur til vegna aukins fjölda flóttafólks. Sem dæmi um kostnað sem hefur verið gjaldfærður á liðinn er kostnaður vegna samræmdrar móttöku flóttafólks, húsnæðisúrreða eftir að réttur er fullnýttur hjá Vinnumálastofnun, íslenskunámskeið fyrir flóttafólk o.fl. Vegna ársins 2023 er fyrirséð að ekki verður rými á liðnum til að standa straum af komu kvótaflóttafólks. Þarf því að óska eftir viðbótarfjárheimild við gerð frumvarps til fjárákualaga 2023.

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að taka þarf afstöðu til nokkurra álitæfna. Fyrst ber að nefna að ekki var formleg tillaga lögð fyrir ríkisstjórn af hálfu flóttamannanefndar um ákveðinn fjölda kvótaflóttafólks á árinu 2021. Að því sögðu hefur komið fram opinberlega að íslensk stjórnvöld hafi áætlað að taka á móti 100 manns á því ári auk þess sem sú tala er tiltekin í minnisblaði til ríkisstjórnar, dags. 14. janúar 2022, um móttöku fólks frá Afganistan vegna valdatöku talibana. Taka þarf afstöðu til þess hvort standa eigi við yfirlýsingar þess efnis fyrir árið 2021. Þá þarf að taka afstöðu til þess hvort ákveða eigi kvóta fyrir árið 2022 og hvort telja eigi hóp Afgana sem munu koma á grundvelli sértækrar ákvörðunar ríkisstjórnar frá 14. janúar sl. sem kvótaflóttafólk. Loks þarf að taka afstöðu til móttöku kvótaflóttafólks árið 2023.

**Flóttamannanefnd leggur til að óskað verði eftir afstöðu ríkisstjórnarinnar til eftirfarandi atriða:**

1. **Hvort eigi að standa við yfirlýsingar um móttöku á kvótaflóttafólki fyrir árið 2021?**

2. **Hvort telja eigi hóp Afgana sem koma á grundvelli sértækrar ákvörðunar ríkisstjórnar frá 14. janúar sl. sem kvótaflóttafólk fyrir árið 2022?**
3. **Hvort eigi að fjölga kvótaflóttafólki fyrir árið 2022?**
4. **Hver fjöldi kvótaflóttafólks eigi að vera fyrir árið 2023?**

## Fylgiskjal 2.

### *Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið* *M i n n i s b l a ð*

Viðtakandi: **Félags- og vinnumarkaðsráðherra, utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra**  
Sendandi: **Flóttamannanefnd**  
Dagsetning: **31.05.2023**  
Málsnúmer: **FRN22040072**  
Bréfalykill: **03.03.04**

Efni: **Móttaka flóttafólks 2023**

Í minnisblaði þessu vill flóttamannanefnd draga saman megin áherslur Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) um helstu þarfir flóttafólks fyrir endurbúsetu í þriðja ríki að mati stofnunarinnar fyrir árið 2023. UNCHR gefur árlega út skýrslu undir heitinu „UNHCR projected global resettlement needs“ þar sem farið er yfir fjölda og aðstæður þeirra milljóna sem hafa fengið viðurkennda stöðu sem flóttamenn af UNHCR og eru í þörf fyrir endurbúsetu í þriðja ríki, en úr þeirra hópi koma þau sem stjórnvöld bjóða til landsins (kvótaflóttafólk) í samræmi við 43. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016.

Í skýrslu stofnunarinnar fyrir árið 2023 er lögð áhersla á fimm hópa eða svæði.

1. Í fyrsta lagi er það Sýrland og er þar stærsta neyðarástand í heiminum. Flóttafólk frá Sýrlandi dvelur aðallega í Tyrklandi, Líbanon, Jórdaníu, Írak og Egyptalandi. Tyrkland er það gístilland sem hefur mesta þörf fyrir að koma flóttafólki þar í endurbúsetu. Jarðskjálftarnir sem urðu á landamærum Tyrklands og Sýrlands í febrúar sl. hafa enn aukið á þessa þörf.
2. Í öðru lagi er það mið-Miðjarðarhafið, fólk sem kemur frá Sahel-svæðinu eða löndum sunnan Sahara, sem eru mörg af þeim viðkvæmstu í heimi. Fólk þetta hefur komið í gegnum Sahara eyðimörkina, í gegnum Norður Afríku og á hafi til Evrópu.
3. Þriðji hópurinn er frá Venesúela, fólk sem er stadd í öðrum löndum Rómönsku Ameríku og Karíbahafsins.
4. Fjórti hópurinn eru Afganir, en mikill fjöldi þeirra eru í Íran og Pakistan, en einnig í Tyrklandi, Indlandi, Indónesíu og víðar. Um er að ræða fólk sem hefur flúið Afganistan á ýmsum tímum en getur ekki snúið til baka.
5. Fimmti áhersluhópurinn eru Rohingjar, sem eru staddir í Bangladesh, Malasíu, Indlandi og víðar.

Innan þessara áhersluhópa byggða á upprunalandi er flóttafólk flokkað í undirhópa eftir því á hvaða grundvelli þörfin fyrir vernd er. Flokkarnir eru eftirfarandi:

1. Þörf fyrir lagalega og/eða líkamlega vernd. Undir þennan hóp flokkast LGBTIQ flóttafólk, ungmenni, aldraðir og fólk með fötlun.
2. Konur og stúlkur í hættu, sem eru eða eiga á hættu að vera þolendur kynferðisofbeldis. Það getur verið t.d. skipulagðar nauðganir, mansal, barnahjónabönd eða fjölkvæni.
3. Börn og ungmenni í hættu, þegar endurbúseta er talin eina lausnin. Þetta eru fylgdarlaus börn eða börn sem hafa orðið viðskila við fjölskyldu sína og gift börn, með eða án fullorðins maka.
4. Þolendur ofbeldis og/eða pyntinga, þegar aðstæður í verndarlandi valda frekari þjáningum og/eða viðeigandi meðferð er ekki í boði.
5. Læknisfræðilegar þarfir, þegar lífsbjargandi meðferð er ekki í boði í verndarlandi.
6. Sameining fjölskyldna, þegar endurbúseta er eina leiðin til að sameina fjölskyldur flóttafólks sem hefur orðið viðskila.

7. Fyrirsjáanlegur skortur á öðrum varanlegum lausnum, þegar fyrirséð er að endurkoma til upprunalands mun ekki eiga sér stað og félagsleg- og efnahagsleg aðlögun í verndarríki er ólíkleg.

Einnig fer UNHCR fram á að móttökulönd hafi tiltekinn kvóta óskilgreindan fyrir neyðartilfelli þegar flytja þarf einstaklinga í burtu innan fárra daga eða vikna.

UNHCR leggur jafnframt áherslu á að þjóðir leiti annarra leiða til að taka á móti flóttafólki (e. complimentary pathways), í gegnum atvinnu- eða námsmannaleyfi, verkefni á vegum félagasamtaka og fjölskyldusameininga. Þann 1. júlí 2022 lagði dómsmálaráðherra fyrir ríkisstjórn tillögu um að Ísland myndi undirrita/styðja yfirlýsingu þáverandi formennsku Frakklands í ráðherraráði Evrópusambandsins (ESB) um tímabundið og valkvætt samábyrgðarkerfi aðildarríkja ESB og samstarfsríkja Schengen. Með undirritun skuldbundu íslensk stjórnvöld sig til að taka á móti allt að 20 umsækjendum um alþjóðlega vernd frá Grikklandi, Ítalíu, Kýpur, Möltu eða Spáni. Tillagan var samþykkt. Samhliða undirritun var fyrirvari gerður um að samþykki yfirlýsingarinnar teldist hvorki til þróunar á skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Schengen og Dublin samstarfinu og hefði því engin áhrif á skuldbindingar íslenskra stjórnvalda, þegar kemur að framtíðarfyrirkomulagi, á reglum um samábyrgð innan Evrópu. Jafnframt var gerður sá fyrirvari að í ljósi mikils fjölda umsækjenda um vernd hér á landi, reikni íslensk stjórnvöld með að móttaka fari fram fyrri hluta árs 2023. Hugsanlegt er að fólk sem kemur í gegnum umrætt verkefni geti flokkast sem kvótaflóttafólk og fallið undir aðrar leiðir til móttöku.

Mörg undanfarin ár hefur verið horft til áherslna UNHCR við val á þeim hópum sem boðið er til Íslands á grundvelli 43. gr. laga um útlendinga og leggur flóttamannanefnd til að svo sé gert áfram. Afstaða ríkisstjórnar Íslands til fjölda kvótaflóttafólks fyrir árið 2023 liggur ekki fyrir en þegar ljóst er um fjöldann mun flóttamannanefnd gera tillögu að samsetningu hópsins með hliðsjón af því sem fram kemur í minnisblaði þessu.

**Minnisblaðið er lagt fram til umræðu og kynningar.**

